

## REGLUGERÐ

### um mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa á öldrunarstofnunum.

#### 1. gr.

Markmið með reglugerð þessari er að tryggja að þjónusta við aldraða í þjónustu- og hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum og sjúkrahúsum sé sambærileg og í samræmi við 18. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra. Til að ná því markmiði skal árlega meta heilsufar og aðbúnað einstaklinga sem dveljast á stofnunum sem falla undir 18. gr. laganna. Matið skal byggt á RAI-mælingum (raunverulegum aðbúnaði íbúa).

RAI-mælingar eru byggðar á:

1. Gagnasafni um heilsufar og hjúkrunarþörf á öldrunarstofnun (sbr. MDS-Minimum Data Set).
2. Matslyklum (RAPS-Resident Assessment Protocol).
3. Álagsflokkunarkerfi (RUGs III-Resource Utilizations Groups).

#### 2. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar sérstaka nefnd, RAI-matsnefndina, sem skal hafa umsjón með RAI-mati og annast kennslu og þjálfun í notkun RAI-mælitækisins á öldrunarstofnunum. Í nefndinni skulu eiga sæti öldrunarlæknir, félagsráðgjafi, þrír hjúkrunarfræðingar og fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sem jafnframt er formaður.

#### 3. gr.

Hjúkrunarfræðingur annast, í samvinnu við aðrar heilbrigðisstéttir, RAI-mat á hverri öldrunarstofnun að undangenginni þjálfun.

Markmið með matinu eru:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð hins aldraða.
2. Að afla upplýsinga um þarfir og umönnun hins aldraða.
3. Að afla samræmdra upplýsinga um þarfir öldrunarstofnana sem reglugerð þessi tekur til.
4. Að tryggja hámarks gæði þjónustu og sem besta nýtingu fjármagns.

#### 4. gr.

RAI-mat skal fara fram við upphaf dvalar einstaklings á öldunarstofnun og reglulega eftir það eftir nánari ákvörðun RAI-nefndarinnar, þó ekki sjaldnar en árlega.

Niðurstöður RAI-nefndarinnar skulu sendar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti þar sem þær skulu varðveittar á tölvutæku formi.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, öðlast gildi 1. janúar 1996.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. október 1995.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

---

*Páll Sigurðsson.*